

**Aðalfundur Ferðafélags Rangæinga (FFRANG)**  
**4. mars 2025**

Priðjudaginn 4. mars 2025 kl. 18.00 var í Hvolnum á Hvolsvelli (Pálsstofu) haldinn aðalfundur FFRANG vegna starfsársins 2024. Til fundarins var boðað með lögsmætum hætti í samræmi við 5. gr. laga félagsins.

Ágúst Sigurðsson, forseti félagsins, setti fundinn og stakk upp á að Helgi Jóhannesson yrði kjörin fundarstjóri og að hann myndi að auki rita fundargerð. Var það samþykkt.

Gengið var til dagskrár aðalfundar skv. 5. gr. laga félagsins.

**1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.**

Forseti félagsins flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2024. Fór hann yfir helstu verkefni félagsins og ferðir á sl. ári en starfsemi félagsins hefur verið mjög blómleg og aðsókn í ferðir góð. Forseti benti á að skýrsla stjórnar væri aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Skráðir félagar félagsins eru 172 talsins.

Ferðanefnd félagsins var sérstaklega lofuð fyrir fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

**2. Samþykkt ársreiknings félagsins vegna liðins árs.**

Björn Ingi Jónsson, gjaldkeri félagsins, er fjarverandi og kynnti forseti félagsins reikninga félagsins vegna starfsársins 2024 í hans stað. Voru reikningarnir samþykktir. Reikningar félagsins eru einnig aðgengilegir á heimasíðu félagsins.

**3. Lagabreytingar.**

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

**4. Stjórnarkjör.**

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn félagsins.

Emilía Sturludóttir, til embættis forseta félagsins, kjörin til eins árs.

Björn Ingi Jónsson og Sigríður Theodóra Kristinsdóttir, voru kjörin til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Björn Ingi Jónsson hefur óskað eftir að losna úr stjórninni og kemur Rósa Hlín Óskarsdóttir, varamaður í stjórn, inn í stjórnina í hans stað til eins árs.

Sveinn Kristján Rúnarsson og Ástvaldur Helgi Gylfason voru kosnir í stjórn til tveggja ára.

Í varastjórn:

Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Sigurður Þór Þórhallsson, bæði kjörin til eins árs.

Engin frekari framboð komu fram og var því tillaga uppstillinganefndar samþykkt samhljóða.

**5. Kosning tveggja skoðunarmanna.**

Þorbergur Albertsson og Sigríður Karólína Viðarsdóttir voru endurkjörin endurskoðunarmenn félagsins.

**6. Ákvörðun árgjalds.**

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að árgjald 2026 verði kr. 9.300. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**7. Önnur mál.**

Ágúst tók til máls og þakkaði fyrir samstarfið og lýsti ánægju með félagið og starfsemi þess.

Helgi tók einnig til máls og þakkaði gott samstarf.

Líflegar óformlegar umræður um starfsemi og framtíð félagsins mynduðust. Var þar t.a.m. rætt um mikilvægi þess að gera starfsemi félagsins aðgengilegri fyrir fólk á svæðinu sem er af erlendu bergi brotið t.d. með því að þýða auglýsingar og efni félagsins á önnur tungumál.

Fleira ekki gert, fundi slitið.



Fundarstjóri / fundarritari